



Metnaður - Ástríða - Árangur

Dansstúdíó Alice sækir um styrk til frístundarráðs kr.3.600.000 fyrir leigu hásnæðis og kr.1.000.000 fyrir rekstri skrifstofu, umsýrslu skráninga og samskiptum við foreldra.

Um skólann

Leik- og dansstúdíó Alice hefur verið starfrækt í núverandi mynd frá haustinu 2014. Eigandi og skólastjóri er Katrín Mist Haraldsdóttir og erum við til húsa bæði í World Class Skólastíg og World Class Strandgötu.

Kennarar skólans eru 10 talsins eins og staðan er í dag.

Við bjóðum uppá fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá **1,5 árs - 24 ára** ásamt því að kenna bæði dans- og styrktartíma fyrir **fullorðna**. Einnig bjóðum við uppá söngleikjadanstíma þar sem dansinn er tvinnnaður saman við leiklistaræfingar, söng og framkomu.

Miðað við tölur 22.ágúst 2019 eru skráðir hjá okkur **270 nemendur** í heimahóp en skráningar með val tíma skráningum eru **348** talsins.



Námið

Námið okkar byggist í grunninn á jazz dansi sem svo með aldrinum færast nær nútíma- og listdans.

Misjafnt er eftir aldri hversu oft í viku börnin æfa en það er allt frá 1x - 7x í viku.

Börn 1,5 - 5 ára æfa 1x í viku.

6 ára og eldri eru í grunntímum 2x í viku sem við köllum heimahópa.

17-24 ára æfa 4x í viku eða tæplega 7klst.

Einnig geta börn á aldrinum 6-17 ára bætt við sig allt að 5 aukatímum á viku. Misjafnt er eftir aldri hversu margir aukatímar eru í boði.

Aukatímarnir sem við bjóðum uppá eru ballett, hringir, stökk og teygjur (tækni tímar), söngleikjadans, danspartý þar sem kenndur er nýr dans í hverjum tíma í mismunandi stílum af mismunandi kennurum og fimleikar fyrir dansara og starfar því einnig hjá okkur fimleikabjálvari.

Nýjung verður hjá okkur á þessari önn að bjóða uppá klassískan ballett en það hefur ekki verið í boði á Akureyri í mjög langan tíma. Við erum stoltar af því að geta boðið uppá þann kost aftur hér í bæ þar sem ballettinn er mikilvæg undirstaða í öllum danslistargreinum. Nánari upplýsingar um grunn viðmið fyrir hvern aldurshóp og nánari lýsingar á hverjum tíma fyrir sig má finna á heimasíðunni okkar dsa.is

Í lok haustannar er hver hópur með sína eigin 30 mín sýningu þar sem nemendur geta boðið fjölskyldu og vinum að koma og sjá hvað þau hafa verið að læra yfir önnina og hvernig tímarnir eru uppbyggðir. Okkur finnst mikilvægt að foreldrar hafi kost á að vera vel upplýstir um starfið og að þau fái tækifæri til að koma og sjá hvað fer fram í tímum.

Í lok vorannar erum við svo með stóra sýningu í Hofi þar sem allir nemendur skólans sýna atriði með sínum hóp og höfum við fengið leikara með okkur í lið til að hjálpa okkur að þræða söguna milli dansatriða. Við höfum nýtt vorsýninguna sem vettvang til að kenna nemendum á öllum aldri framkomu á sviði og hvernig hægt er að nýta dansinn sem söguform.

Síðasta haust fór skólinn með 8 atriði í undankeppni Dance World Cup á Íslandi þar sem við náðum frábærum árangri. Flestir listdanskólar landsins kepptu sín á milli um sæti í landsliði Íslands í listdansi.

Dansstúdíó Alice kom 7 atriðum (15 nemendum á aldrinum **9-23 ára**) í landsliðið sem er góð staðfesting á því að námið hjá okkur sé vel samkeppnishæft því sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu á **öllum aldri**.

Öll 7 atriðin (15 nemendur) héldu svo til Portúgal í sumar þar sem þær kepptu á Dance World Cup sem er eins og nafnið gefur til kynna heimsmeistaramót í dansi, á mótinu kepptu dansarar frá 62 löndum. Meiri hluti keppenda okkar skoruðu um eða yfir 80 stig sem er frábær árangur og lenti einn okkar keppenda í top 10 í sínum flokki.



Stefna

Það er stefna okkar að geta mætt kröfum þeirra sem vilja æfa dans sér til gamans og þeirra sem stefna í áframhaldandi nám eða atvinnu í dansi eða öðrum greinum sviðslista.

Stærsti kostur dansins er að þar geta allir verið með og æft á sínum forsendum.

Hjá okkur starfa frábærir kennarar, sem hafa háskólamenntun í dansi og eða sviðslistum og aðrir sem hafa dansað frá barnsaldri, sótt námskeið héraðs og erlendis, setið kennaranámskeið og hafa kennt í mörg ár. Hluti kennarahópsins starfar sem atvinnumenn í greininni annað hvort sem dansarar eða danshöfundar í leikhúsum eða á öðrum vettvangi. Einnig starfa hjá okkur nokkrir yngri aðstoðarkennara sem eru að stíga sín fyrstu skref í kennslu og eru sumar hverjar með þjálfararéttindi ÍSÍ og reynslu af þjálfun úr öðrum íþróttum.

Nokkrir af okkar eldri nemendum hafa farið og sótt frekara dansnám erlendis og haldið áfram kennslu við aðra skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðstöfun

Þrátt fyrir stöðugt aukna aðsókn í dansnám hér á Akureyri er rekstarumhverfið afar erfitt.

Dansstúdíó Alice er einungis rekið á æfingagjöldum sem varla dugar til að halda rekstrinum gangandi. Okkar stærstu útgjaldaliðir eru leiga húsnæðis og laun. En við greiðum kr. 300.000 á mánuði í leigu eða kr. 3.600.000 árið.

Hingað til hefur okkar eina leið til að geta mætt þessum útgjöldum verið að hækka æfingagjöld, halda starfsfólki í lágmarki, takmarka aukahluti sem notaðir eru við kennslu og með því að stjórnendur vinni ótal marga klukkutíma í mánuði ólaunað.



Með tilkomu fjármagns frá frístundarráði gætum við einbeitt okkur að því að byggja upp starfið enn fremur t.d. Með því að styðja við afreksnemendur með aukatímum, einkatímum og koma þeim á fleiri mót á erlendum vettvangi. Einnig myndi meira fjármagn auðvelda okkur tækjakaup og annað sem bætt getur kennsluna. Auk þess myndi það gefa okkur kost á að fá til okkar námskeiðshaldara og fagfólk annarsstaðar frá til að halda áfram að mennta kennarana okkar og nemendur.

Í dansi lærirú ekki bara að dansa. Þú lærir aga, sköpun, sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýna hugsun, að treysta á sjálfan/nn þig og að vinna í hóp. Þú eflir hreyfiproskan, samfhæfingu, jafnvægi, þjálfar minnið og heilann, lærir líkamsvitund og rýmisgreind. Þú styrkist, færð aukið úthald, lærir taktvísi, eignast vini héðan og þaðan úr bænum, kynnist mismunandi tegund af tónlist, að telja takt og ótal margt fleira.

Ekki öll börn hafa áhuga á íþróttum. Eins og marg hefur verið rannsakað hefur skipulagt íþróttastarf gríðarleg áhrif á félagsþroska og eru krakkar sem taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi mun ólíklegri til að fara út af sporinu á unglingsárum.

Við höfum í mörgum tilfellum kost á að mæta þessum hópi barna sem íþróttafélögin ná ekki til. Ásamt því að vera dansskóli erum við því líka mikilvægt félagslegt athvarft fyrir mörg börn í bænum.

Með von um jákvæð viðbrögð

Katrín Mist Haraldsdóttir

Eigandi Dansstúdíó Alice